

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá að styrkja hverja þá starfsemi, sem starfrækt er hér í bænum eða nágrenni hans í þágu barna og unglinga til 16 ára aldurs, t. d. vöggustofur, dagheimili barna, upptökuheimili fyrir afvegaleidd börn, heimili fyrir vangæf eða taugaveikluð börn o. s. frv.

Ekki má veita hærri styrk úr sjóðnum á ári en nemur árlegum vöxtum hans. Skulu styrkveitingar þó ekki hefjast, fyrr en höfuðstóll hefur náð því að verða kr. 100 000.00.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal þannig skipuð: Prestur þjóðkirkjunnar í Hafnarfirði, lögreglustjóri og bæjarstjóri Hafnarfjarðar séu fastir stjórnarmenn. Þeir skipta með sér verkum og kjósa síðan tvo meðstjórnendur, karl og konu, til tveggja ára í senn úr hópi þeirra Hafnfirðinga, sem fengið hafa skeyti. Ekki má endurkjósa meðstjórnanda, fyrr en liðin eru 2 ár frá síðustu setu hans í stjórninni.

## 6. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í blaði, sem gefið er út í Hafnarfirði. Skulu þeir vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 7. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að breyta einstökum atriðum í stofnskrá þessari, ef hún er öll sammála þar um. Þó má aldrei breyta tilgangi sjóðsins eða skipun sjóðstjórnar.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skrá þessari.

Hafnarfirði.

HF. RAFTÆKJAVERKSMÍÐJAN

Axel Kristjánsson.

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð.

### I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

## 1. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í Gullbringusýslu og Hafnarfirði. Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og framkvæmd mála þessara hver í sínum hreppi eða í samvinnu tvær eða fleiri saman, þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála að einhverju eða öllu leyti.

## 2. gr.

Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, kjósa fjallskilaneftnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. Fjallskilaneftnd skal

skipuð einum manni úr hverju sveitarfélagi, kjörnum af sveitarstjórn í ársbyrjun til eins árs í senn.

Þegar nefndin hefur verið skipuð, boðar aldursforseti til fyrsta fundar. Þar kýs nefndin sér formann, er annast síðan stjórn og boðun funda.

### 3. gr.

Afréttarnefnd, skipuð einum manni úr hverjum hreppi, hefur með höndum niðurröðun á fjallskilum á afréttarlandi sýslunnar í Krýsuvík. Nefnd þessi skal, eigi síðar en í 20. viku sumars hafa lokið störfum og sent hverju sveitarfélagi eða eftir atvikum fjallskilanefnd tilkynningu um hvað hverju sveitarfélagi (upprekstrarfélagi) beri að leggja til fjallskila á þessu svæði. Um kosningu afréttarnefndar, stjórn og boðun funda skal fara á sama hátt og fyrir er mælt í 2. gr. Verði ágreiningur í nefndinni ræður afl atkvæða, en ella þar sem atkvæði formanns fellur. Öllum aðiljum er skylt að hlíta úrskurði nefndarinnar í bráð, en heimilt er að áfrýja honum til sýslunefndar, er fellir fullnaðarúrskurð.

## II. KAFLI

### Um fjármörk og markaskrár.

#### 4. gr.

Fjármörk eru þrenns konar, eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi á að hafa glögg eyrnamark á fé sínu, en sé sauðfé soramarkað eða markið óskýrt, skal það brennimerkt eiganda á hægri horn, ef við verður komið, en ella skal festa málmplötu með skýru merki í hægri eyra.

#### 5. gr.

Heimilt er sýslunefnd að skipa svo fyrir, að allt sauðfé vetrargamalt og eldra sé merkt sýslu-, hrepps- eða bæjarmarki, horn eða með málmplötu í vinstra eyra, ef kind er kollótt, og ákveður hún þá hvernig merkin skuli vera.

#### 6. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Mark helgar margeiganda kind, nema sönnur séu færðar á, að annar eigi, eða markeigandi viðurkenni ekki kindina sem sína eign. Óheimilt er manni að helga sér kind, sem ekki ber hans rétta mark, hversu lítið sem á vantar eða umfram er. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið. Kind sem er með eyrnamark eins, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á. Sá sem helgar sér kind eftir hornamarki eða brennimarki, skal, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir hvernig hann hefur eignast kindina. Málmplata með merki í eyra á kollóttu fé jafngildir hornamarki eða brennimarki. Óheimilt er að nota mark annars manns, nema með leyfi markeiganda.

#### 7. gr.

Ef kind er afeyrð, ómörkuð, eða með óþekkjanlegu eða mjög vafasömu marki, en maður vill eignast hana af líkum, getur hann borið málið undir hreppstjóra eða eftir atvikum réttarstjóra, sem þá ásamt marklýsingarmönnum, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefur máli sínu til stuðnings. Ef þeim kemur öllum saman um, að mestar líkur séu til, að hann eigi kindina, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Sé hann óánægður með úrslitin, er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn.

## 8. gr.

Sauðfjármörk ganga að erfðum. Gefa má mark og selja. Ekki má taka upp nýtt mark, sem annar maður á í gildandi markaskrár fyrir landnám Ingólfs Arnarsonar í Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu. Ekki má taka upp eða nota mikil sær-ingarmörk. Má mark ekki vera nema átta hnífsbrögð í allt, og ekki mega undirbenjar vera fleiri en tvær á sama eyra. Rísi ágreiningur um hvort nýtt mark megi upp taka, sker markavörður úr.

## 9. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrár eigi sjaldnar en tíunda hvert ár. Skulu allir markeigendur í umdæminu koma mörkum sínum í hana, og má enginn nota mark, sem ekki er í skránni, sjá þó 13. gr. Hver markeigandi skal fá eitt eintak af skránni. Einnig skal markavörður sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send í nærliggjandi sýslur og kaupstaði, þar sem búast má við fjársamgöngum.

## 10. gr.

Sýslunefnd kys markavörð, er annast um útgáfu markaskrárinnar. Hann skal einnig hafa umsjón með upptöku nýrra marka. Skal markavörður gera sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka og koma í veg fyrir sammerkingar. Hann skal hafa samstarf við nærliggjandi héruð um tilhögun og útgáfu markaskrár eftir því, sem henta þykir.

## 11. gr.

Markavörður mælir fyrir um söfnun marka og allt, er þar að lýtur, svo sem innheimtu gjalds fyrir markið. Gjald þetta ákveður sýslunefnd og skal það vera svo hátt, að nægi fyrir kostnaði við undirbúning og prentun markaskrárinnar. Gjaldið greiðist um leið og markið er tilkynnt. Fyrir nýtt mark greiðist tvöfalt gjald. Markaverði til aðstoðar skal vera markasöfnunarmaður í hverju sveitarfélagi, er sveitarstjórn tilnefnir. Söfnun marka skal fara fram í októbermánuði árið áður en markaskrá á að koma út. Markasöfnunarmanni ber 10% markagjaldsins í þóknun fyrir starf sitt.

## 12. gr.

Þegar markavörður hefur fengið markaskýrslur allra sveitarfélaganna í sínar hendur, ber hann þær saman sín á milli, og þær allar við gildandi markaskrár innan héraðs og utan, þar sem búast má við fjársamgöngum. Heimilt er honum að fella niður mörk nýupptekin, sem of lík eru eldri mörkum, og þau sem bannað er að taka upp, ef nokkur eru á skýrslu. Telji hann nauðsynlegt að fella niður mark eða breyta, skal hann svo fljótt sem unnt er, tilkynna það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er komið geti í staðinn. Verði tillögum hans ekki mótmælt innan hæfilegs frests frá því, hann sendi tilkynninguna, skulu þau mörk gilda, er hann ákveður. Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir hlutaðeigenda, geti þær samrýmzt ákvæðum þessarar reglugerðar.

## 13. gr.

Vilji einhver taka upp mark eða nota aðflutt mark, milli þess er markaskrá er samín, ber honum að snúa sér til markavarðar og fá samþykki hans. Að því fengnu skal markeigandi auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, og er honum það þá heimilt til notkunar.

## 14. gr.

Ef tveir eða fleiri fjáreigendur tilkynna markaverði sama mark, skal erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sé

um sams konar mörk að ræða skal sá af bregða, sem færri fé á. Séu bæði mörkin erfðamörk, á sá að hafa, sem á það markið, sem lengur hefur gengið í erfð. Flytji maður í umdæmið með mark, sem er of náð öðrum sem fyrir eru, skal hann af bregða, enda þótt erfðamark sé.

### III. KAFLI

#### Um vorsmalanir og notkun afréttarlanda.

##### 15. gr.

Hver sveitarstjórn eða fjallskilanevnd skal skipa fyrir um fjármalanir eina eða fleiri á vorin, til mörkunar og rúnings. Skal smalað til Eldborgarréttar laugar-daginn í 10. viku sumars og til Kaldárréttar daginn eftir. Annars staðar skal smalað þegar hentugast þykir. Öllum fjáreigendum er skylt að hlíta fyrir mælum sveitarstjórnar eða fjallskilanevndar í öllu, er smölunina snertir.

##### 16. gr.

Utansveitarfé í ullu eða með ómörkuðum lömbum, skal handsama, ef unnt er, rýja það, og marka ómörkuð lömb. Í lögréttum sér réttarstjóri um framkvæmd á þessu. Eiganda skulu hið fyrsta gerð skil á ull og grein fyrir marki og ein-kennum á hverri kind, sem rúin hefur verið eða markað undir. Sé erfiðleikum bundið að inna þessi skil til eiganda, ber að gera þau til hreppstjóra, sem ráðstafar ull á sama hátt og óskilafé, finnist enginn eigandi. Ómakslaun greiðast eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningum.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að ákvæði greinar þessarar nái einnig til innan-sveitarfjár á þann hátt sem hún telur eiga við.

##### 17. gr.

Sveitarstjórnir geta hvenær sem er sett reglur um, hvaða takmörkunum það skuli háð að veita utansveitarfé hagagöngu. Þær geta og beitt sér fyrir, að lönd séu metin til ítölu skv. lögum nr. 39/1959.

##### 18. gr.

Þar sem upprekstrarlönd eru notuð á sumrin, ber öllum sem hafa sauðfé og hross, önnur en brúkunarhross, undir höndum, að reka á fjall svo tímanlega að vorinu sem ástæður leyfa, og eigi síðar en í 11. viku sumars. Að öðrum kosti skulu þeir hafa pening sinn á löglega girtum svæðum, enda sé hann á ábyrgð eigenda.

##### 19. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fénað sinn í annars land til beitar, hvort heldur það er heimaland eða afréttarland, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati sveitarstjórnar, þar sem landráðandi á heima. Öllum er bannað að veita sauðfé móttöku til vor- eða sumargöngu úr öðrum sveitarfélögum nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

##### 20. gr.

Enginn má smala afréttarlönd fyrir leitir, né heldur heimalönd annarra eða reka sauðfé úr þeim nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar eða fjallskilanevndar.

Enginn má að öðru leyti ónáða fénað á fjalli eða í heimahögum án leyfis viðkomandi landráðanda eða hreppstjóra.

#### IV. KAFLI Um fjallskil.

##### 21. gr.

Sveitarstjórnir eða fjallskilanefndir skipa fyrir um fjallskil hver á sínu svæði, annast niðurjöfnun fjallskila og skipa leitarstjóra. Leitir skulu byrja í 22. viku sumars.

##### 22. gr.

Fjallskilum skal jafnað niður á umráðamenn fjár eftir fjártölu, og eru allir sem sauðfé eiga, fjallskilaskyldir. Heimilt er sveitarstjóra eða fjallskilanefnd að ákveða, að eigendur eða umráðamenn hrossa, annarra en brúkunarhrossa greiði gjald í fjallskilasjóð. Þó má ekki leggja hærra gjald á hross en nemur fjallskilum á fimm kindur. Þrem vikum fyrir haustleitir tilkynnir síðan sveitarstjórn eða fjallskilanefnd öllum fjallskilaskyldum aðilum í sínu umdæmi, með umburðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt, hvaða fjallskil þeir skuli af hendi inna.

##### 23. gr.

Leitarstjóri skal skipa fyrir um tilhöggun leita og hefur alla stjórn á þeim. Hann sér um, að fjársafn sé rekið með reglu til réttar og afhendir það þar safnverði. Hann skal áminna leitarmenn um að fara svo vel, sem unnt er, með fé í leitum. Enn fremur skal hann hafa eftirlit með því, að menn séu nægilega vel útbúnir og að öðru leyti starfa sínum vaxnir. Ef einhver sendir menn í leit, sem leitarstjóri telur óhæfan sakir vanbúnaðar eða af öðrum ástæðum, má fá mann í hans stað á kostnað þess er sendi, eða reikna honum gjald sem fyrir vanrækt fjallskil. Sama gildir þann, sem sendir ófullgildan mann í útréttir.

Öllum leitarmönnum ber að hlýða leitarstjóra, og varðar óhlýðni sektum.

##### 24. gr.

Sveitarstjórnir og fjallskilanefndir setja nánari reglur um haustsmölun heimlanda eftir því, sem við á á hverjum stað.

#### V. KAFLI Um réttir og réttarhöld.

##### 25. gr.

Lögréttir á hausti skulu vera þessar:

1. Þórkötlustaðarétt fyrir Grindavíkurhrepp. Aðalrétt mánudag í 22. viku sumars.
2. Kaldárrétt fyrir Garða- og Bessastaðahrepp og Hafnarfjarðarkaupstað. Aðalrétt mánudaginn í 22. viku sumars.
3. Vatnsleysustrandarrétt fyrir Vatnsleysustrandarhrepp. Aðalrétt miðvikudag í 22. viku sumars.
4. Ásarétt fyrir Hafna-, Miðnes-, Gerðahrepps og Keflavíkurkaupstað. Aðalrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars.

Tvær skilaréttir fara fram í lögrétt hverri sama vikudag, sú fyrri 2. vikudag eftir aðalrétt, en hin síðari um mánaðarmót október—nóvember, hrútarétt.

Auk ofangreindra lögrétta, skal núverandi rétt við Eldborg notuð sem sundurdráttarétt og skal fé þar skrádregið.

Réttardögum þessum og staðsetningu rétta má breyta, ef það þykir hentara. Tillögu til breytinga skal bera undir sýslunefnd.

**26. gr.**

Kostnaður við byggingu og viðhald rétta með tilheyrandi dilkum réttarfélagsmanna, svo og dilka við útréttir, greiðist úr fjallskilasjóðum þess réttarfélags, sem réttin er fyrir.

Utansveitarfélagsmönnum er skylt að hafa dilka fyrir fénað sinn eftir tilvisun sveitarstjórnar eða fjallskilaneftndar, og greiða þeir kostnað við byggingu þeirra og viðhald rétta eftir skipun sveitarstjórnar eða fjallskilaneftndar.

**27. gr.**

Sveitarstjórn eða fjallskilaneftnd skipar réttarstjóra, safnvörð og tvo marklýsingarmenn um leið og fjallskilum er jafnað niður. Réttarstjóri sér um réttarhöld, og gætir þess, að þar fari allt rétt og skipulega fram. Kvatt getur hann menn með sér til aðstoðar og eftirlits.

**28. gr.**

Réttarstjóri sér um, að öll ómörkuð lömb skuli dregin í sérstakt hólf, jafn-skjótt og þau finnast í réttum, svo að kostur sé á að láta mæður helga sér þau. Skal þess sérstaklega gætt, að þau þvælist sem minnst. Engum er heimilt að marka kind í réttum án heimildar réttarstjóra. Réttarstjóri sér um, að fé það, sem ekki á heima á því svæði, sem smalað er til réttarinnar, sé flutt eða geymt eftir því sem hentast þykir.

**VI. KAFLI****Um aukasmalanir og fleira.****29. gr.**

Sveitarstjórn eða fjallskilaneftnd getur, ef ástæður þykja til, látið framkvæma aukasmölun eina eða fleiri. Skal smölun þeirri hagað á sama hátt og leitum.

**30. gr.**

Nú finnst fé í ógöngum eða ósjálfbjarga eftir haustleitir, sem finnandi eða eigandi treystist ekki til að ná eða koma til byggða, og skal þá sveitarstjórn eða fjallskilaneftnd tilkynnt það tafarlaust. Skal þá fenginn svo hæfur maður, sem unnt er, til að ná fénu, sé þess nokkur kostur. Náist féð eigi, og augljóst er, að það komist ekki sjálfkrafa í burtu, en verði að svelta til dauða, má farga því með skotum ef víst er, að takast megi staðháttu vegna. Kostnað skal greiða á sama hátt og fjallskil.

**VII. KAFLI****Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.****31. gr.**

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur er við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga þá, sem hann verður var við, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

**32. gr.**

Ómerkinga og annað óskilafé, sem ekki finnast eigendur að í lögréttum, skal eftir nákvæma skoðun afhenda hreppstjóra í réttarlök. Skal hann selja féð á uppboði þegar í stað, ef lög ekki banna, en ráðstafa því ella til slátrunar. Í Kaldárrétt annast hreppstjóri Garðahrepps þetta.

## 33. gr.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnst eigandi að, eða ekki kemst til eiganda sökum fjarlægðar, skal færa viðkomandi hreppstjóra, er selur það, ef lög banna ekki á opinberu uppboði, er auglýst sé a. m. k. viku fyrir uppboðið, en færa það ella til slátrunar.

Óskilahross, sem fram koma í réttum eða eftir réttir, skal afhenda hreppstjóra, er auglýsir þau í viðlesnu blaði eða útvarpi. Gefi eigandi sig ekki fram innan þriggja vikna, selur hreppstjóri þau á opinberu uppboði, er auglýst sé með a. m. k. viku fyrirvara.

## 34. gr.

Við sölu óskilafjár er að jafnaði enginn innlausnarfrestur. Hrúta, sem að dómi hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forustufé og hross, skal selja með 6 vikna innlausnarfresti.

## 35. gr.

Hreppstjórar skulu fyrir áramót senda sýslumanni skýrslu um sölu óskilafjár í sínum hreppi á árinu ásamt sem nákvæmasti lýsingu á marki og auðkennum hvernar skepnu. Sýslumaður skal síðan fyrir janúarlok birta í Lögbirtingablaðinu tilkynningu um sölu óskilafjár í sýslunni og greina frá marki og auðkenni hvernar skepnu eftir því, sem hægt er. Sýslusjóður greiði kostnað við auglýsingu þessa. Jafnframt skal þar skorað á rétta eigendur að gefa sig fram fyrir næsta fardaga til að sanna rétt sinn.

## 36. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist sölukostnaður svo og fundarlaun, björgunarlaun og geymslukostnaður, ef því er að skipta. Að öðru leyti greiðist fjárverðið til eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tilskilins frests, annars fellur andvirðið til viðkomandi fjallskilasjóðs.

## VIII. KAFLI

## Um fjallskilasjóð.

## 37. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera fjallskilasjóður, er sveitarstjórn eða fjallskilanefnd varðveitir. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa sameiginlegan upprekstur og kjósa sameiginlega fjallskilanefnd, má ákveða, að einn fjallskilasjóður sé fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Andvirði óskilafjár.
- b. Gjald, jafnað niður á hina fjallskilaskyldu.
- c. Gjald fyrir vanrækt fjallskil.
- d. Aðrar tekjur, er sveitarstjórnir samþykkja að renna skuli til sjóðsins.

Úr sjóðnum skal greiða:

- a. Kostnað við að afstýra ágangi sauðfjár, sbr. 40. gr.
- b. Kostnað við réttarbyggingar og viðhald þeirra.
- c. Kostnað við fjallskil og réttarhöld.

Öll gjöld til fjallskilasjóðs má innheimta með lögtaki.

## 38. gr.

Sveitarstjórn annast reikningshald fyrir fjallskilasjóð og varðveitir hann. Skal reikningur sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast á sama hátt. Þar sem sameiginleg fjallskilanefnd er starfandi fyrir fleiri en eitt sveitarfélag, geta

viðkomandi sveitarstjórnir ákveðið, að hún annist reikningshald og varðveislu sjóðsins undir eftirliti sýslunefndar.

Ef fjallskilasjóður kemst í fjárþrot, skal viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir í bili veita honum fjárhagsaðstoð, er síðan verði jafnað niður sem öðrum fjallskilakostnaði.

## IX. KAFLI

### Um ágang búfjár.

#### 39. gr.

Búfjáreigendum er skylt að stuðla að því, að fénaður þeirra gangi ekki í löndum annarra, og valdi þar usla eða tjóni. Umráðamönnum þess búfjár, er löglegar girðingar halda ekki, skal skylt að farga því eða hafa það í sérstaklega traustum girðingum, enda beri þeir, auk sekta, fulla skaðabótaábyrgð á tjóni því, sem gripir þessir valda.

Öllum umráðamönnum búfjár, er í þéttbýli búa, skal skylt, er fé þeirra er ekki á fjalli, þ. e. frá 11. viku sumars til haustleita, að hafa það í löglega girtum girðingum.

Eigendum garðlanda eða landsvæða, er illa þola ágang búfjár skal skylt, vilji þeir verjast ágangi afréttarfjár, að hafa svæði þessi girt löglegum girðingum annaðhvort sér eða í sameiningu við aðra. Skal um uppsetningu, gerð og viðhald á girðingum þessum fara að lögum nr. 24 frá 1952.

Brot á 2. mgr. þessarar greinar skal minnst varða 500.00 kr. sekt nema sérstakar málsbætur séu.

Fé það, sem laust gengur gegn ákvæðum greinar þessarar, og veldur tjóni, er tjónþola heimilt að handsama og ráðstafa sem óskilafé, lögum samkvæmt.

#### 40. gr.

Ef sauðfé eða hross er í óskilum í heimahögum á sumrin eða ganga úr afrétti í heimalönd, getur sá, er fyrir ágangi verður, gert sveitarstjórn aðvart um það. Skal hún þá sjá um, að fénaði þessum sé smalað og hann síðan færður til fjalls eða geymslu í fjárheldri girðingu. Kostnaður við þetta greiðist úr viðkomandi fjallskilasjóði, er getur krafizt endurgreiðslu, frá eigendum fénaðarins í hlutfalli við fjártölu, ef vanrækslu þeirra er um að kenna.

## X. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 41. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fé eða misþyrma því á nokkurn hátt. Við allar réttir skal vera útbúnaður til að láta fé ganga sjálft upp á flutningabifreiðir. Skulu bifreiðir þær, er notaðar eru til sauðfjárflutninga eða flutninga á búfénaði vera sundur stíðar í nægilega mörg hólf og einnig skal setja sand eða annað efni á pall bifreiðanna til þess að búfénu sé auðveldara að standa. Ávallt skal hafa gæzlumann á palli bifreiðar, sem flytur fé.

#### 42. gr.

Enginn má fresta að framkvæma þær fyrirskipanir, sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari, þótt hann sé ekki ánægður með þær. Hins vegar getur hann kært yfir órétti þeim, er hann þykist beittur, til sýslunefndar, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

#### 43. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda varðandi fjallskilamál.

## 44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 10 000.00 og renna þær í sveitarsjóð þar sem brot er framið. Vanrækt fjallskil skulu goldin tvöföldu verði til fjallskilasjóðs.

## 45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

## 46. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð, nr. 215 frá 1938.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 107. gr., sbr. 92. gr. c, sveitarstjórnarlaganna nr. 58 1961, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. júní 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

9. júní 1965.

Nr. 122.

**S A M Þ Y K K T****um sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu.**

## 1. gr.

Í Eyjafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þessum sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga, nr. 71 1963.

## 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar. Sýsluvegir eru:

**Öngulsstaðahreppur:**

1. Eyrarlandsvegur, af Norðurlandsvegi að Eyrarlandi.
2. Leifsstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Leifsstöðum og Brúarlandi.
3. Svertingsstaðavegur, af Eyjafjarðarbraut að Brekku.
4. Ytri-Hólsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Ytra-Hóli.
5. Garðsárdalsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Garðsá.
6. Brúnalaugarvegur, af Eyjafjarðarbraut að Brúnalaug.
7. Uppsalavegur, af Eyjafjarðarbraut að Uppsölum.
8. Sigtúnsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Sigtúni.
9. Íþróttavallarvegur, af Barnaskólavegi að Kvinnaskólavegi.

**Saurbæjarhreppur:**

1. Villingadalavegur, af Eyjafjarðarbraut að Villingadal.
2. Hólsgerðisvegur, framhald af Eyjafjarðarbraut að Tjörnum.
3. Leyningsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Leyningi.
4. Gullbrekkuvegur, af Eyjafjarðarbraut að Gullbrekku.